

Sveitarfélagið Hornafjörður

Ársreikningur
2018

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Kt. 590169-4639

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.835 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.332 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,5% en lögbundið hámark þess er 0,625% með álagi. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,62% en lögbundið hámark með álagi er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð sem nam 541,5 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 487,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2018 nam 4.195 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 4.711 millj. kr.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Höfn í Hornafirði, 9. apríl 2019

Bæjarstjóri:

Matthíelur Ásm.

Bæjarráð:

Asgrímur K. Þrylfadóttir
Björgvin Ö. Sgujónsson
Páll Róbert Matthíelur
Sæmundur Helgason

Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Höfn í Hornafirði, 9. maí 2019

Bæjarstjórn:

Sæmundur Helgason
Páll Róbert Matthíelur
Asgrímur Ingúlfsson
Knutur Guð.
Jón H. Jóhannsd.
Sæmundur Sæmundur
Björgvin Ö. Sgujónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Höfn í Hornafirði, 9. maí 2019

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2018

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2018	Áætlun með viðaukum 2018	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun með viðaukum 2018	Ársreikningur 2017	
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	1.559.268	1.559.074	1.428.846	1.553.488	1.559.074	1.423.845
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	740.726	695.548	662.693	740.726	695.548	662.693
Aðrar tekjur	4	279.670	225.635	240.920	540.612	470.965	496.652
		<u>2.579.664</u>	<u>2.480.258</u>	<u>2.332.460</u>	<u>2.834.826</u>	<u>2.725.588</u>	<u>2.583.190</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	1.187.190	1.201.620	1.133.905	1.235.128	1.238.568	1.173.574
Lífeyrisskuldbinding, breyting ..	14	34.252	41.170	25.981	35.964	45.470	28.980
Annar rekstrarkostnaður		746.604	731.611	647.294	818.676	810.103	720.413
		<u>1.968.046</u>	<u>1.974.402</u>	<u>1.807.179</u>	<u>2.089.769</u>	<u>2.094.141</u>	<u>1.922.967</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		611.618	505.856	525.280	745.058	631.446	660.223
Afskriftir	8	(116.721)	(99.923)	(106.703)	(175.005)	(146.481)	(160.305)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		494.897	405.933	418.577	570.053	484.965	499.918
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(7.548)	(7.849)	6.880	(28.554)	(29.979)	(6.823)
Tekjuskattur		0	0	0	0	0	656
Rekstrarniðurstaða	13	<u>487.349</u>	<u>398.084</u>	<u>425.457</u>	<u>541.499</u>	<u>454.986</u>	<u>493.751</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2018	2017	2018	2017
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir, götur, lóðir og lendur	4.078.763	3.440.382	4.254.366	3.621.510
	Veitu og hafnarmannvirki	0	0	1.105.183	886.041
	Áhöld og tæki	69.266	79.639	91.602	105.790
8		<u>4.148.029</u>	<u>3.520.020</u>	<u>5.451.151</u>	<u>4.613.341</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
9	Eignarhlutir í félögum	199.500	199.500	171.500	171.500
10	Langtímakröfur	1.571	1.672	3.421	3.522
10	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	17.026	32.270	0	0
11	Fyrirframgreiddur kostnaður	126.994	0	126.994	0
		<u>345.092</u>	<u>233.441</u>	<u>301.916</u>	<u>175.021</u>
	Fastafjármunir	<u>4.493.121</u>	<u>3.753.462</u>	<u>5.753.067</u>	<u>4.788.363</u>
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
12	Óinnheimtar tekjur	156.067	199.892	176.402	210.269
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	482.698	467.850	0	0
12	Aðrar skammtímakröfur	158.724	102.588	159.115	129.592
10	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	16.293	15.100	0	0
10	Næsta árs afborganir langtímakrafna	154	149	154	149
11	Fyrirframgreiddur kostnaður	4.879	0	4.879	0
3j	Handbært fé	69.316	134.872	71.399	245.973
	Veltufjármunir	<u>888.131</u>	<u>920.452</u>	<u>411.949</u>	<u>585.983</u>
	Eignir samtals	<u><u>5.381.252</u></u>	<u><u>4.673.914</u></u>	<u><u>6.165.016</u></u>	<u><u>5.374.345</u></u>

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2018	2017	2018	2017
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	4.194.604	3.682.963	4.711.280	4.145.490
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	402.331	385.565	468.801	450.323
		402.331	385.565	468.801	450.323
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	205.357	139.370	569.934	321.136
		205.357	139.370	569.934	321.136
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		204.444	38.465	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	90.138	72.201	111.966	88.035
Aðrar skammtímaskuldir		284.378	355.350	303.034	369.362
		578.960	466.016	414.999	457.396
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.186.648	990.950	1.453.735	1.228.855
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.381.252</u>	<u>4.673.914</u>	<u>6.165.016</u>	<u>5.374.345</u>

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings 17

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur	Áætlun með	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun með	Ársreikningur
		2018	viðaukum 2018	2017	2018	viðaukum 2018	2017
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	13	487.349	398.084	425.457	541.499	454.986	493.751
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	116.721	99.923	106.703	175.005	146.481	160.305
Verðbætur		5.736	2.476	709	17.233	12.591	5.612
Tap af sölu rekstrarfjármuna		77	0	387	77	0	387
Tekjuskattskuldbinding, breyting		0	0	0	0	0	(656)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	14	34.291	26.170	25.981	36.004	30.470	28.980
Veltufé frá rekstri		644.174	526.653	559.237	769.818	644.528	688.379
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, hækkun ...	11	(131.874)	0	0	(131.874)	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting		43.825	0	(19.895)	33.867	0	(20.028)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		(56.136)	0	(78.415)	(29.524)	0	(101.968)
Skammtímaskuldir, breyting		(70.971)	(40.393)	67.291	(66.328)	(40.393)	73.391
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar ..	14	(17.525)	0	(14.749)	(17.525)	0	(14.749)
Samtals		(232.681)	(40.393)	(45.768)	(211.383)	(40.393)	(63.353)
Handbært fé frá rekstri		411.493	486.260	513.469	558.434	604.135	625.026
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	8	(724.065)	(661.270)	(496.311)	(992.150)	(897.670)	(597.814)
Söluverð rekstrarfjármuna	8	3.550	0	1.890	3.550	0	1.890
Eignarhlutar, breyting		0	0	(21.888)	0	0	(21.888)
Langtímakröfur, breyting		149	(131.874)	48.586	149	(131.874)	48.586
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting..		15.591	(214.364)	35.939	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(704.775)	(1.007.508)	(431.784)	(988.451)	(1.029.544)	(569.227)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting ...		151.131	62.143	(83.874)	0	0	0
Tekin ný langtímalán		177.146	477.146	0	377.146	477.146	0
Afborganir langtímalána	15	(100.552)	(102.645)	(91.156)	(121.704)	(118.938)	(106.556)
Fjármögnunarhreyfingar		227.725	436.644	(175.029)	255.442	358.208	(106.556)
Lækkun á handbæru fé		(65.557)	(84.604)	(93.344)	(174.574)	(67.201)	(50.757)
Handbært fé í ársbyrjun		134.872	134.872	228.217	245.973	245.973	296.730
Handbært fé í árslok		69.316	50.268	134.872	71.399	178.772	245.973

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Sveitarfélagið Hornafjörður er sveitarfélag á Suðausturlandi og voru íbúar þess 2.389 í árslok 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnarbraut 27.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Hornafjarðarveitur, Félagslegar íbúðir og Gagnaveita Hornafjarðar ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupna á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar tillækkunar á viðkomandi eignalið s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð í verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gagnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	10-50 ár
Hafnarmannvirki	24-33 ár
Veitukerfi	10-50 ár
Gatnakerfi	25 ár
Áhöld og búnaður	3-20 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutdeildarfélag eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélag eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélag A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu féлага.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2018. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta ársgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 17.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	1.358.947	1.329.994	1.250.711	1.358.947	1.329.994	1.250.711
Fasteignaskattur	179.628	207.822	159.940	173.848	207.822	154.939
Lóðarleiga	20.694	21.258	18.195	20.694	21.258	18.195
	1.559.268	1.559.074	1.428.846	1.553.488	1.559.074	1.423.845
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlög vegna útgjaldajöfnunar....	311.655	260.385	268.321	311.655	260.385	268.321
Framlög vegna fasteignaskatts.....	128.458	130.061	123.592	128.458	130.061	123.592
Framlag vegna grunnskóla.....	153.878	140.966	124.353	153.878	140.966	124.353
Framlag vegna húsaleigubóta.....	0	0	(1.313)	0	0	(1.313)
Vegna málefna fatlaðs fólks.....	146.736	164.136	147.731	146.736	164.136	147.731
Önnur framlög.....	0	0	9	0	0	9
	740.726	695.548	662.693	740.726	695.548	662.693
Skatttekjur samtals.....	2.299.995	2.254.622	2.091.540	2.294.214	2.254.622	2.086.538
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	279.670	225.635	240.920	540.612	470.965	496.652
Rekstrartekjur samtals	2.579.664	2.480.258	2.332.460	2.834.826	2.725.588	2.583.190

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Laun	955.528	966.708	883.029	994.486	996.320	916.072
Launatengd gjöld	223.810	226.779	207.159	232.731	234.014	213.711
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	4.879	4.879	40.393	4.879	4.879	40.393
Annar starfsmannakostnaður.....	2.973	3.255	3.324	3.032	3.355	3.398
Laun og launatengd gjöld samtals	1.187.190	1.201.620	1.133.905	1.235.128	1.238.568	1.173.574
				2018	2017	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				177	177	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				148	145	
Ársverk.....				149	146	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....				54.902	39.058	

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Vaxtatekjur og verðbætur	6.161	500	13.393	6.161	500	13.393
Arður af eignarhlutum.....	6.034	7.184	7.423	6.034	7.184	7.423
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(23.524)	(27.025)	(18.969)	(40.789)	(37.663)	(27.504)
Gengismunur	39	0	(135)	39	0	(135)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	3.741	11.492	5.168	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(7.548)	(7.849)	6.880	(28.554)	(29.979)	(6.823)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	2.327.738	2.254.622	2.119.162
Félagspjónusta	(205.623)	(197.242)	(174.719)
Heilbrigðismál	(6.140)	(9.221)	(5.832)
Fræðslu- og uppeldismál	(882.316)	(887.373)	(806.740)
Menningarmál	(72.686)	(71.617)	(58.710)
Æskulýðs- og íþróttamál	(227.321)	(224.176)	(208.384)
Brunamál og almannavarnir	(23.711)	(22.961)	(26.347)
Hreinlætismál	(20.808)	(25.232)	(20.728)
Skipulags- og byggingarmál	(57.967)	(55.947)	(60.053)
Umferðar- og samgöngumál	(23.332)	(19.470)	(18.437)
Umhverfismál	(36.318)	(33.579)	(30.318)
Atvinnumál	(34.232)	(28.191)	(22.441)
Sameiginlegur kostnaður	(203.089)	(206.140)	(185.541)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlög til A deildar Brúar lífeyrissjóðs	(39.131)	(46.049)	(66.374)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	124.696	140.643	112.999
Aðalsjóður samtals	619.759	568.067	547.538
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	(101.236)	(140.311)	(76.432)
Þjónustumiðstöð	(31.174)	(29.672)	(45.649)
A hluti samtals	487.349	398.084	425.457
B hluta fyrirtæki:			
Hafnarsjóður	27.844	17.219	33.080
Hornafjarðarveitur	39.246	37.763	40.266
Félagslegar íbúðir	(8.343)	2.572	1.461
Gagnaveita Hornafjarðar ehf	(4.598)	(652)	(6.513)
A og B hluti	541.499	454.986	493.751

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, götur lóðir og lendur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:			
Heildarverð 1.1.2018.....	4.738.832	137.333	4.876.165
Endurmat lóða og lendna	24.292	0	24.292
Keypt á árinu	717.475	6.590	724.065
Selt og fært út á árinu	0	(3.986)	(3.986)
Heildarverð 31.12.2018	5.480.600	139.937	5.620.536
Afskrifað 1.1.2018.....	(1.298.451)	(57.694)	(1.356.145)
Afskrift færð út	0	359	359
Afskrifað á árinu	(103.386)	(13.335)	(116.721)
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	(1.401.837)	(70.671)	(1.472.508)
Bókfært verð 1.1.2018.....	3.440.381	79.639	3.520.020
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.078.763	69.266	4.148.029
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	

	Fasteignir, lóðir og lendur	Hafnar- og veitu- mannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2018.....	4.974.713	1.351.890	215.950	6.542.554
Endurmat lóða og lendna	24.292	0	0	24.292
Keypt á árinu	717.475	268.085	6.590	992.150
Selt og fært út á árinu	0	0	(3.986)	(3.986)
Heildarverð 31.12.2018.....	5.716.480	1.619.975	218.554	7.555.009
Afskrifað 1.1.2018.....	(1.353.203)	(465.848)	(110.161)	(1.929.212)
Afskrift færð út	0	0	359	359
Afskrifað á árinu	(108.912)	(48.943)	(17.151)	(175.005)
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	(1.462.115)	(514.790)	(126.953)	(2.103.859)
Bókfært verð 1.1.2018.....	3.621.510	886.042	105.790	4.613.341
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.254.366	1.105.183	91.602	5.451.150
Afskriftarhlutföll	0-4%	2,5-4%	4-20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Lóðir og lendum

Lóðir og lendum sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2018 til samræmis við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010. Endurmat nam 24,3 millj. kr.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Leikskóli.....	328.540	234.200	94.340
Borgartún 14.....	91.734	138.000 (46.266)
Vöruhús.....	35.416	37.000 (1.584)
Íþróttahús.....	21.172	14.000	7.172
Sundlaug.....	0	4.500 (4.500)
Hjúkrunarheimili.....	0	13.000 (13.000)
Hofgarður.....	5.456	0	5.456
Sindrabær.....	1.678	3.000 (1.322)
Ráðhús.....	1.302	0	1.302
Víkurbraut 24.....	0	12.000 (12.000)
Sorpstöð.....	1.130	0	1.130
	<u>486.426</u>	<u>455.700</u>	<u>30.726</u>
Gatnamannvirki og opin svæði			
Gatnaframkvæmdir.....	232.702	193.070	39.632
Gatnagerðagjöld.....	(1.653)	0 (1.653)
	<u>231.049</u>	<u>193.070</u>	<u>37.979</u>
Áhöld og tæki			
Bífreið heimþjónustudeildar.....	3.052	0	3.052
Aðrar bífreiðar.....	3.537	0	3.537
	<u>6.590</u>	<u>0</u>	<u>6.590</u>
A hluti samtals.....	<u>724.065</u>	<u>648.770</u>	<u>75.295</u>
B hluti:			
Fráveita.....	251.372	226.400	24.972
Vatnsveita.....	7.569	10.000 (2.431)
Hafnarsjóður.....	4.229	10.000 (5.771)
Gagnaveita Hornarfjarðar ehf.	4.915	2.500	2.415
B hluti samtals.....	<u>268.085</u>	<u>248.900</u>	<u>19.185</u>
Samtals A og B hluti.....	<u>992.150</u>	<u>897.670</u>	<u>94.480</u>

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og váttryggingaverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2018:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	6.164.594	6.825.598
Fasteignamat.....	1.778.736	2.350.874
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	517.872	531.376
Váttryggingaverðmæti hafna.....	-	1.743.153
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	-	1.628.000

Skýringar, frh.:

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti
Lánasjóður sveitarfélaga	119.298	119.298
Gagnaveita Hornafjarðar	28.000	-
Jöklaasetur á Hornafirði ses.	20.000	20.000
Íbúðafélag Hornafjarðar hses.	26.388	26.388
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	7.916	7.916
Sláturfélagið Búi svf.	6.682	6.682
Brennu flosi hf.	6.375	6.375
Háskólafélag Suðurlands	6.263	6.263
Þórbergssetur	4.250	4.250
Aðrir eignarhlutir	703	703
	<u>225.875</u>	<u>197.875</u>
Niðurfærsla eignarhluta	(26.375)	(26.375)
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals	<u>199.500</u>	<u>171.500</u>

Eignarhlutir í Jöklaasetri á Hornafirði ses., Brennu flosa hf. hafa sætt niðurfærslu.

10. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	47.370	1.821	3.671
Verðbætur.....	1.540	54	54
Afborgun langtímakrafna á árinu	(15.591)	(149)	(149)
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>33.319</u>	<u>1.725</u>	<u>3.575</u>
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	(16.293)	(154)	(154)
	<u>17.026</u>	<u>1.571</u>	<u>3.421</u>
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:			
Árið 2019.....	16.293	154	154
Árið 2020.....	17.026	161	161
Árið 2021.....	0	169	169
Árið 2022.....	0	177	177
Árið 2023.....	0	185	185
Afborgun síðar.....	0	880	2.730
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>33.319</u>	<u>1.725</u>	<u>3.575</u>

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

Skýringar, frh.:

11. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í febrúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkomuleg um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 177,1 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 37,5 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 126,0 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóðs til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 13,6 millj. kr. framlag í varúðarsjóðs sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árunum 2017 og 2018:

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðarsjóður	Samtals
A hluti og A og B hluti				
Gjaldfært á árinu 2017.....	(37.547)	(2.451)	(395)	(40.393)
Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017.....	(37.547)	(2.451)	(395)	(40.393)
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð.....	37.547	126.039	13.560	177.146
Gjaldfært á árinu 2018.....	0	(4.201)	(678)	(4.879)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018.....	0	119.387	12.486	131.874

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	0	4.201	678	4.879
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	0	115.186	11.808	126.994
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	119.387	12.486	131.874

Skýringar, frh.:

12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	108.329	108.329
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	47.738	68.073
Óinnheimtar tekjur í árslok	156.067	176.402

Niðurfærsla óinnhemtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	35.533	36.744
Afskrifað á árinu	(772)	(802)
Niðurfærsla, breyting á árinu	4.523	4.553
Niðurfærsla í árslok	39.284	40.495

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2018.....	3.682.963	4.145.490
Rekstrarniðurstaða ársins	487.349	541.499
Endurmat lóða og lendna	24.292	24.292
Eigið fé 31.12. 2018.....	4.194.604	4.711.280

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2017 til samræmis við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

14. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	385.565	450.323
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna.....	(17.525)	(17.525)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	34.291	36.004
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2018.....	402.331	468.802

Núvirði áætlaðs framlags vegna lífeyrisgreiðslna greinist þannig á næstu ár:

Árin 2019-2023.....	75.703	88.210
Árin 2024-2028.....	87.038	101.418
Árin 2029-2033.....	84.197	98.108
Síðar.....	155.392	181.065
	402.330	468.801

Skýringar, frh.:

15. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Gengistryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti:				
Langtímaskuldir í ársbyrjun	123.158	8.079	80.334	211.571
Ný lán.....	0	0	177.146	177.146
Afborganir af lánum	(20.526)	(8.039)	(71.987)	(100.552)
Verðbætur og gengismunur	0	(39)	7.370	7.330
	102.632	0	192.863	295.495
Næsta árs afborgun	(20.526)	0	(69.612)	(90.138)
Langtímaskuldir í árslok	82.106	0	123.251	205.357
A og B hluti:				
Langtímaskuldir í ársbyrjun	123.158	8.079	277.934	409.171
Ný lán.....	0	0	377.146	377.146
Afborganir af lánum	(20.526)	(8.039)	(93.138)	(121.704)
Verðbætur og gengismunur	0	(39)	17.327	17.287
	102.632	0	579.268	681.900
Næsta árs afborgun	(20.526)	0	(91.439)	(111.965)
Langtímaskuldir í árslok	82.106	0	487.829	569.935

Lán í erlendum gjaldmiðlum eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:	A hluti	A og B hluti
Árið 2019.....	90.138	111.965
Árið 2020.....	56.586	73.518
Árið 2021.....	54.307	71.667
Árið 2022.....	54.307	72.107
Árið 2023.....	26.156	44.409
Síðar	14.001	308.233
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	295.495	681.900

Skuldabréf vegna varúðarsjóðs

Meðal verðtryggða langtímaskulda A hluta er skuldabréf að eftirstöðvum 14,0 millj. kr. Í árslok 2018 sem tekið var vegna greiðslu í varúðarsjóð í tengslum við uppgjör við Brú Lífeyrissjóð (sjá skýringu nr. 11). Skuldabréfið er verðtryggt og ber 3,5% vexti sem greiðast árlega. Höfuðstólsafborganir bréfsins ráðast af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á hverjum tíma. Í árslok 2018 liggur ekki fyrir hvernig höfuðstóll greiðist niður. Af þeim sökum er ekki sýnd næsta árs afborgun af bréfinu og er það birt í heild sinni meðal síðari afborgana í yfirliti um afborganir af langtímaskuldum.

Veðsetningar

Íbúðir í eigu félagslegra íbúða að bókfærðu virði 182 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 187 millj. kr. í árslok 2018. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði Íslenskra sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 204 millj. kr. í árslok 2018.

Skýringar, frh.:

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100%	5.381.252	1.186.648	4.194.604
Hornafjarðarveitur	100%	518.718	77.767	440.951
Hafnarsjóður	100%	799.791	644.873	154.918
Félagslegar Íbúðir	100%	177.744	223.187	(45.442)
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	100%	35.972	41.722	(5.750)
Millifærslur, innbyrðis staða		(748.461)	(720.461)	(28.000)
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		6.165.016	1.453.735	4.711.280

17. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er aðili að eftirtöldum stofnunum og samstarfsverkefnum; Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Háskólafélag Suðurlands.

Leigusamningar

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur gert rekstrarleigusamninga vegna fasteigna og lands. Samningar um fasteignir eru með 6 mánaða uppsagnarfresti og samningur um land rennur út árið 2031.

	Lágmarksleigugreiðslur á verðlagi í janúar 2019 Núvirði lágsm.			Síðar eigugreiðslna
	2019	2020-2023		
A hluti:				
Húsnæði.....	4.333	0	0	0
Syðri-Fjörður.....	1.176	4.703	8.229	10.885
A hluti samtals	5.509	4.703	8.229	10.885

Heildargreiðslur leigusamninga námu um 12,0 millj. kr. á árinu 2018.

HSU á Hornafirði

Sveitarfélagið ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd þjónustusamnings við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur HSU á Hornafirði.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjarráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar, frh.:

19. Önnur mál

Málaferli og kröfur

Á árinu 2017 gerði félagið IceLagoon ehf. kröfu um skaðabætur á hendur Sveitarfélaginu Hornafirði á grundvelli þess að sveitarfélagið hafi ekki gætt jafnræðis við úrlausn mála er tengdust ferðaþjónustustarfsemi félagsins við austurbakka Jökulsárlóns á árunum 2010 til 2017. Sveitarfélagið Hornafjörður hafnaði kröfu kröfu félagsins.

IceLagoon ehf. stefndi á árinu 2018 sveitarfélaginu til viðurkenningar á skaðabótaskyldu og krafðist sveitarfélagið sýknu. Aðalmeðferð hefur ekki farið fram að því liggur niðurstaða ekki fyrir.

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	1.160.428	1.249.693	988.959	752.884	596.018	492.751
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....	6%	1%	16%	18%	25%	46%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	20,4 %	23,7 %	22,5 %	19,4 %	15,7 %	14,4 %
Rekstrarniðurstaða.....	16,1 %	18,9 %	18,2 %	15,3 %	11,0 %	10,0 %
Veltufé frá rekstri.....	21,2 %	25,0 %	24,0 %	21,1 %	17,7 %	15,3 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	26,7 %	28,1 %	21,3 %	9,8 %	4,4 %	18,5 %
Skuldahlutfall.....	49 %	46 %	42 %	46 %	48 %	58 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	0,68	0,32	0,25	0,45	0,83	1,38
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga....	5,13	5,46	5,28	4,35	3,79	3,15
Veltufjárhlutfall	1,69	1,53	1,98	2,01	1,87	1,23
Eiginfjárhlutfall	74,0 %	77,9 %	78,8 %	75,8 %	73,9 %	70,3 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	53,6 %	52,7 %	53,6 %	51,9 %	49,7 %	50,0 %
Fasteignaskattur	8,4 %	7,0 %	6,9 %	6,3 %	6,3 %	6,1 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	28,0 %	28,7 %	28,4 %	30,1 %	31,6 %	30,8 %
Lóðarleiga.....	0,9 %	0,8 %	0,8 %	0,7 %	0,7 %	0,8 %
Skatttekjur samtals.....	90,9 %	89,2 %	89,7 %	89,0 %	88,3 %	87,7 %
Aðrar tekjur	9,1 %	10,8 %	10,3 %	11,0 %	11,7 %	12,3 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(48,4%)	(46,0%)	(48,6%)	(47,8%)	(48,4%)	(49,2%)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(1,7%)	(1,3%)	(1,1%)	(1,8%)	(2,8%)	(1,1%)
Annar rekstrarkostnaður	(29,5%)	(28,9%)	(27,8%)	(31,0%)	(33,0%)	(35,3%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	20,4 %	23,7 %	22,5 %	19,4 %	15,7 %	14,4 %
Afskriftir	(4,0%)	(4,5%)	(4,6%)	(4,3%)	(4,5%)	(4,5%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(0,3%)	(0,3%)	0,3 %	0,2 %	(0,2%)	0,2 %
Rekstrarniðurstaða.....	16,1 %	18,9 %	18,2 %	15,3 %	11,0 %	10,0 %

*- útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár.

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Í þúsundum krónum á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	944	963	910	899	837	769
Aðrar tekjur	94	117	105	111	111	108
Laun og launatengd gjöld	(503)	(497)	(493)	(483)	(459)	(432)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(17)	(14)	(11)	(18)	(26)	(10)
Annar rekstrarkostnaður.....	(306)	(313)	(282)	(313)	(313)	(309)
Afskriftir.....	(42)	(49)	(46)	(44)	(43)	(40)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3)	(3)	3	2	(2)	2
Rekstrarniðurstaða.....	167	204	185	154	104	88
Efnahagur:						
Eignir	1.961	2.253	2.033	1.940	1.759	1.702
Eigið fé	1.451	1.756	1.602	1.471	1.300	1.196
Skuldir og skuldbindingar	510	497	431	470	459	506
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	220	270	243	213	167	135
Handbært fé frá rekstri.....	204	172	223	216	165	140
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	2.389	2.389	2.299	2.183	2.175	2.149

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	1.328.852	1.415.364	1.120.740	844.852	693.496	623.212
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....	22%	26%	35%	38%	44%	55%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	23,2 %	26,3 %	25,6 %	22,0 %	17,7 %	17,2 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	16,7 %	19,1 %	19,1 %	15,6 %	10,8 %	10,3 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	23,6 %	27,2 %	26,6 %	23,8 %	19,0 %	17,8 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	32,9 %	35,0 %	23,1 %	14,6 %	10,4 %	18,5 %
Skuldahlutfall.....	52 %	51 %	48 %	51 %	55 %	61 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	0,22	0,74	0,47	0,70	1,16	1,63
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga....	6,28	5,53	5,67	4,76	3,96	3,55
Veltufjárlutfall	1,17	0,99	1,28	1,30	1,17	0,91
Eiginfjárlutfall	73,3 %	76,4 %	77,1 %	74,4 %	71,6 %	69,3 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	48,8 %	47,9 %	48,4 %	46,9 %	44,6 %	44,6 %
Fasteignaskattur	7,6 %	6,1 %	6,0 %	5,6 %	5,5 %	5,3 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	25,5 %	26,1 %	25,7 %	27,2 %	28,4 %	27,5 %
Lóðarleiga.....	0,8 %	0,7 %	0,7 %	0,6 %	0,6 %	0,7 %
Skatttekjur samtals.....	82,7 %	80,9 %	80,8 %	80,3 %	79,2 %	78,0 %
Aðrar tekjur	17,3 %	19,1 %	19,2 %	19,7 %	20,8 %	22,0 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(45,4%)	(43,6%)	(45,4%)	(44,7%)	(45,6%)	(46,0%)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(1,7%)	(1,3%)	(1,1%)	(2,2%)	(2,6%)	(1,4%)
Annar rekstrarkostnaður	(29,7%)	(28,9%)	(27,9%)	(31,1%)	(34,0%)	(35,4%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	23,2 %	26,3 %	25,6 %	22,0 %	17,7 %	17,2 %
Afskriftir	(5,4%)	(6,2%)	(6,2%)	(5,9%)	(6,0%)	(6,3%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1,1%)	(1,0%)	(0,3%)	(0,5%)	(1,1%)	(0,7%)
Rekstrarniðurstaða.....	16,7 %	19,1 %	19,1 %	15,6 %	10,8 %	10,3 %

*- útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár.

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2018	2018	2017	2016	2015	2014
Í þúsundum krónum á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	944	960	908	897	835	767
Aðrar tekjur.....	197	226	216	220	220	216
Laun og launatengd gjöld..... (518)	(517)	(510)	(500)	(482)	(453)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun..... (19)	(15)	(13)	(25)	(28)	(13)
Annar rekstrarkostnaður..... (339)	(343)	(313)	(347)	(359)	(348)
Afskriftir..... (61)	(73)	(70)	(66)	(63)	(61)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)..... (13)	(12)	(3)	(6)	(11)	(7)
Rekstrarniðurstaða.....	190	227	214	174	113	101
Efnahagur:						
Eignir.....	2.233	2.581	2.338	2.220	2.041	1.948
Eigið fé.....	1.636	1.972	1.803	1.651	1.461	1.350
Skuldir og skuldbindingar.....	597	609	535	569	580	599
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri.....	270	322	299	266	201	175
Handbært fé frá rekstri.....	253	234	272	294	172	184
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	2.389	2.389	2.299	2.183	2.175	2.149

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2018	%	2017	%	2016	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur	2.327.738	100,0%	2.119.162	100,0%	1.827.279	100,0%
Félagsþjónusta	(205.623)	(8,8%)	(174.719)	(8,2%)	(212.555)	(11,6%)
Heilbrigðismál	(6.140)	(0,3%)	(5.832)	(0,3%)	(2.668)	(0,1%)
Fræðslu- og uppeldismál	(882.316)	(37,9%)	(806.740)	(38,1%)	(744.133)	(40,7%)
Menningarmál	(72.686)	(3,1%)	(58.710)	(2,8%)	(65.328)	(3,6%)
Æskulýðs- og íþróttamál	(227.321)	(9,8%)	(208.384)	(9,8%)	(205.051)	(11,2%)
Brunamál og almannavarnir	(23.711)	(1,0%)	(26.347)	(1,2%)	(26.939)	(1,5%)
Hreinlætismál	(20.808)	(0,9%)	(20.728)	(1,0%)	(31.845)	(1,7%)
Skipulags- og byggingarmál	(57.967)	(2,5%)	(60.053)	(2,8%)	(38.855)	(2,1%)
Umferðar- og samgöngumál	(23.332)	(1,0%)	(18.437)	(0,9%)	(17.516)	(1,0%)
Umhverfismál	(36.318)	(1,6%)	(30.318)	(1,4%)	(28.742)	(1,6%)
Atvinnumál	(34.232)	(1,5%)	(22.441)	(1,1%)	(14.229)	(0,8%)
Sameiginlegur kostnaður	(203.089)	(8,7%)	(185.541)	(8,8%)	(143.500)	(7,9%)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag v. A deildar Brúar ..	(39.131)	(1,7%)	(66.374)	(3,1%)	(57.269)	(3,1%)
Fjármagnsliðir	124.696	5,4%	112.999	5,3%	105.465	5,8%
Aðalsjóður samtals	619.759	26,6%	547.538	25,8%	344.116	18,8%
Aðrir sjóðir í A hluta:						
Eignasjóður	(101.236)	(4,3%)	(76.432)	(3,6%)	(70.394)	(3,9%)
Þjónustumiðstöð	(31.174)	(1,3%)	(45.649)	(2,2%)	(47.107)	(2,6%)
A hluti samtals	487.349	20,9 %	425.457	20,1 %	226.615	12,4 %